

Ed.

25. Frumvarp til laga

[25. mál]

um breyting á almennum hegningarlögum nr. 19/1940.

(Lagt fyrir Alþingi á 98. löggjafarþingi 1976.)

1. gr.

Eftirtaldar greinar laganna falla úr gildi við gildistöku laga þessara:
2. og 3. mgr. 123. gr., 182. gr. og 224. gr.

2. gr.

Við 5. gr. bætist ný málsg. svofelld:
Ákvæði 1. mgr. má beita um verknað manns, sem er ríkisborgari í eða búsettur í Danmörku, Finnlandi, Noregi eða Svíþjóð og dvelst hér á landi.

3. gr.

39. gr. orðist svo:
Dómsmálaráðherra setur nánari reglur um fullnustu varðhalds- og fangelsisrefsinga.

Dómsmálaráðherra getur ákveðið, að dómfelldur maður sé um stundarsakir eða allan refsitímann vistaður á sjúkrahúsi eða annarri stofnun, þar sem hann nýtur sérstakrar meðferðar eða forsjár, enda sé slíkt talið henta vegna heilsuhaga hans, aldurs eða annarra sérstakra ástæðna.

4. gr.

49. gr. orðist svo:
Sektir renna í ríkissjóð, nema annað sé ákveðið í lögum.
Dæma má fésektir jafnframt refsivist, sem við brotinu liggur, þegar ákærði hefur aflað sér eða öðrum fjárvinnings með brotinu eða það hefir vakað fyrir honum.

5. gr.

50. gr. orðist svo:

Eigi má beita hærri fésekt en 4 milljónum króna, nema heimild sé til þess í lögum.

6. gr.

51. gr. orðist svo:

Þegar fjárhæð sektar er ákveðin, skal höfð hliðsjón af tekjum og eignum sakbornings og afkomu hans, þ. á m. framfærsluskyldu hans og öðrum atriðum, er orka á greiðslugetu hans.

Ákvörðun um vararefsingu í stað sektar, sbr. 54. gr., skal vera óháð því tilliti til greiðslugetu sakbornings, sem um ræðir í 1. málsg. r.

7. gr.

53. gr. orðist svo:

Nú greiðist sekt ekki, og kemur þá í stað hennar varðhald eða fangelsi, nema háttsemi sé manni ósáknæm og er vararefsing þá eigi ákveðin.

8. gr.

4. málsg. 57. gr., sbr. lög 22/1955, 4. gr., er hefst á orðunum „Nú er heimilt að dæma ...“ fellur niður.

9. gr.

Á eftir 57. gr., sbr. lög 22/1955, 4. gr., kemur ný grein, 57. gr. a svofelld:

Heimilt er að kveða svo á í dómi, að hluti af refsivist, verði óskilorðsbundinn, allt að 3 mánuðir, en aðrir hlutar refsivistar verði skilorðsbundnir. Heimilt er, þegar svona stendur á, að dæma óskilorðsbundna varðhaldsrefsingu, þótt varðhald liggja ekki við broti. Heimilt er að dæma óskilorðsbundna varðhaldsrefsingu en skilorðsbundna fangelsisrefsingu.

Dæma má fésekt í tengslum við skilorðsdóm, þótt fésekt liggja ekki við broti, sem dæmt er út af.

10. gr.

1. málsg. 95. gr., sbr. lög 47/1941, orðist svo:

Hver, sem opinberlega smánar erlenda þjóð eða erlent ríki, æðsta ráðamann þjóðhöfðingja þess, fána þess eða annað viðurkennt þjóðarmerki, fána Sameinuðu þjóðanna eða fána Evrópuráðs, skal sæta sektum, varðhaldi eða fangelsi allt að 3 árum, ef miklar sakir eru.

11. gr.

Við 1. málsg. 106. gr. bætist nýr málslíður, svohljóðandi:
Beita má sektum, ef brot er smáfellt.

12. gr.

142. gr. orðist svo:

Hver, sem skýrir rangt frá einhverju fyrir rétti eða stjórnvaldi, sem hefur heimild til heitfestingar, skal sæta fangelsi allt að 4 árum. Hafi skýrsla verið heitfest skal virða það refsingu til þyngingar.

Sé skýrsla röng í atriðum, sem ekki varða málefni það, sem verið er að kanna, má beita sektum eða varðhaldi.

13. gr.

2. málsg. 143. gr. orðist svo:

Hafi maður borið rangt fyrir rétti eða stjórnvaldi, sem í 1. málsg. 142. gr. getur, um atriði, sem honum var óheimilt að skýra frá eða heimilt að neita að gefa skýrslu um, má færa hegningu niður og jafnvel láta hana falla niður, ef málsbætur eru.

14. gr.

145. gr. orðist svo:

Hafi maður, án þess að brot hans varði við ákvæði 142. gr., gefið opinberu stjórnvaldi ranga yfirlýsingu að viðlögðum drengskap eða á annan samsvarandi hátt, þar sem slík aðferð er boðin eða heimiluð, þá varðar það sektum eða varðhaldi, en fangelsi allt að 2 árum, ef sök er stórfelld.

15. gr.

Í 1. málsg. 148. gr. falli niður þessi málslíður:

„Hafi með þessu verið framinn verknaður, sem lýst er í 142. gr., skal refsing ekki vera lægri en þar er ákveðið“.

16. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp samhljóða þessu frumvarpi var flutt á síðasta þingi, en hlaut ekki afgreiðslu. Frumvarpið er nú lagt fram óbreytt frá því frumvarpi, en því fylgdi þá svohljóðandi greinargerð:

Greinargerð.

Frumvarp þetta er liður í endurskoðun almennra hegningarlaga, sem hegningarlaganefnd vinnur nú að, en nefndin hefur samið frumvarpið.

Með frumvarpinu fylgdi eftirfarandi greinargerð frá nefndinni um einstakar greinar þess.

Um 1. gr.

Í þessu ákvæði er lagt til, að nokkrar greinar eða málsgreinar verði numdar úr lögum og skal gerð stutt grein fyrir því máli:

a. 123. gr., 2. og 3. málsg.

Hér er mælt fyrir um viðurlög við banni um neyslu áfengis eða um veitingu og afhendingu áfengis til tiltekins manns o. fl., sbr. 64. gr. hegningarlaga. 64. gr. var afnumin í heild sinni með lögum 31/1961, 4. gr., og er því einsætt að afnema einnig 2. og 3. mgr., sem byggja á tilvist 64. gr. sem frumheimildar.

b. 182. gr. alm. hegningarlaga.

Í þessari grein er heimilað að leggja fyrir mann, sem m. a. hefir verið dæmdur oftari en einu sinni fyrir auðgunarbrot, eða dæmdur fyrir brot á 180. eða 181. gr. varðandi brot á reglum um framfærslu og atvinnuháttu, að gefa sig fram við lög-reglu og skýra frá dvalarstað og af hverju hann hefur framfæri. Þessu ákvæði hefir eigi verið beitt um alllangt tímabil, og úrræði þau, sem þar greinir, samræmast ekki þeim viðhorfum, sem nú eru uppi í sakfræði um aðlögun dómfelldra manna að þjóðfélagsháttum.

c. 224. gr.

Greinin mælir þá háttsemi refsiverða, sem fólgin er í, að maður veldur hættu á, að annar maður sýkist af kynsjúkdómi. Í lögum um varnir gegn kynsjúkdómum nr. 91/1932 eru refsíákvæði, sem að þessu lúta. E. t. v. er ástæða til að endurskoða þau, en refsíákvæði á þessu sviði eiga betur heima í slíkum sérlögum en alm. hegningarlögum. Viðhorf hafa og mjög breyst að því er þessa sjúkdóma varðar vegna stórbættra hollustuhátta og virkari lyfja gegn þessum sjúkdómum en áður naut við.

Um 2. gr.

Í þessari grein felst, að refsivald íslenska ríkisins verði aukið að því er tekur til ríkisborgara í Danmörku, Finnlandi, Noregi og Svíþjóð eða manna, búsettra í þessum löndum. Samkvæmt greininni er lagt til, að íslenska ríkið hafi refsivald um þessa menn, ef þeir dveljast hér á landi. Greinin á því aðeins við, að íslenska ríkið hefði haft refsivald yfir manningnum, sbr. 1. málsg. 5. gr. hegningarlaga, ef hann hefði verið íslenskur ríkisborgari eða búsettur hér á landi, sbr. tilvísun greinarnnar til 5. gr., eins og hún er nú orðuð. Í norrænu refsilögum er nú svipað eða sams konar ákvæði, en ákvæði þetta er þó aðeins heimildarákvæði.

Um 3. gr.

Greinin gerir ráð fyrir, að heimildir stjórnvalda, sem fjalla um refsifullnustu verði nokkuð rýmkaðar frá því, sem nú er, þegar um er að ræða fanga, sem vistast þurfa á sjúkrahúsi eða annarri félagsstofnun, þar sem aðili nýtur sérstakrar meðferðar og forsjár, t. d. á drykkjumannahæli.

Um 4. gr.

Í greininni er lagt til, að efni 2. málsg. 49. gr. alm. hegningarlaga verði nokkuð rýmkað. Er í greininni lagt til, að heimilt sé að dæma fjársekt auk refsivistar, sem við brotinu liggur, þegar ákærði hefur aflað sér eða öðrum fjárvinnings með brotinu eða það hefur vakað fyrir honum. Eru breytingar fólgnar í hinum auðkenndu orðum. Samkvæmt þessari grein er heimilt að dæma fjársekt, þótt aðeins liggji refsivist við brotinu í refsíákvæði, er brot varðar við. Hámark fjársektar ræðst af ákvæði 50. gr. alm. hegningarlaga.

Um 5. gr.

Samkvæmt 50. gr. alm. hegningarlaga er hámark fésektar 30 000 krónur, nema sérstök lagaheimild sé til að ákveða sekt hærri eða lægri, en lágmark er 4 krónur. Með lögum 14/1948 er svo fyrir mælt, að þar sem fésektir eru ákveðnar í lögum án tillits til „núgildandi verðlags“, skuli lágmark þeirra og hámark „breytast eftir vísitölu, sem kaupgjald er greitt eftir á hverjum tíma“. Ákvæði 50. gr. á jafnt við um sektir, sem mælt er fyrir um í sérrefsilögum sem í alm. hegningarlögum. Hið er það, að í sérrefsilögum eru margoft sérstök refsimörk lögmælt. Stundum segir þó aðeins í sérrefsilögum, að háttsemi varði sektum, og er lágmark sektar og hámark þá það, sem segir í 50. gr., eftir atvikum með hliðsjón af lögum 14/1948.

Brýn þörf er á að endurskoða sérrefsilög m. a. vegna óeðlilegra refsimarka og lítt samræmdra. Verður væntanlega unnt að stofna til slíkrar endurskoðunar á næstunni. Á þessu stigi þykir rétt að leggja til, að fjársektarmörkum 50. gr. verði breytt. Þykir engin ástæða til að lögmæla neitt lágmark, en um hámark er lagt til, að það verði 4 millj. kr. Styðst sú tillaga við álitgerð prófessors Árna Vilhjálmssonar, sem er fylgiskjal með athugasemdum þessum. Eigi er haggð við refsíheimildum þeim, sem nú eru í lögum, með þessu ákvæði, en þær refsíheimildir, sem segja það eitt, að brot varði sektum, breytast að efnisinntaki, ef greinin verður lögfest, að aðgæftri 2. gr. alm. hegningarlaga.

Ýmis rök mæla með því, að komið verði upp svonefndri „sektavísitölu“, og hækkuðu refsimörk þá í samræmi við hana. Gæti hún einnig orðið að liði fyrir dómstóla um heitingu sekta í dómum eða dómsáttum. Í fyrrgreindri álitgerð prófessors Árna Vilhjálmssonar er sett fram hugmynd um slíka vísitölu. Hegningarlaganefnd telur sig eigi á þessu stigi hafa tök á að gera tillögur um þess konar vísitölu, en brýn þörf er á að lögfesta hækkun fésekta samkvæmt 50. gr. almennra hegningarlaga nú þegar. Benda má á, að vandkvæðum er bundið að túlka ákvæði laga nr. 14/1948 um ákvörðun fésekta, en eigi er þó lagt til að svo stöddu, að þau lög verði numin úr gildi.

Um 6. gr.

Jafnrétti borgara fyrir lögum býður, að tekið sé tillit til efnahags manna, tekna og allrar afkomu, er fésekt er ákvörðuð. Með dagsektakerfi því, sem einkum er tíðkað í Finnlandi og Svíþjóð, er leitast við að ná þessu takmarki en þar ákveða dómstólar sekt í tveimur atrennum. Er þá metið fyrst, hversu mörgum dagsektum brot þyki varða og er þá ekki tekið tillit til efnahags manna eða afkomu. Síðan er fjárhæð dagsektar ákveðin, miðað við efnahag, tekjur og afkomu alla. Fjárhæð sektar er margfeldi þessa tvenns. Þetta kerfi hefur m. a. þann kost, að við ákvörðun á fjölda dagsekta ræður efnahagslegt tillit engu og sambærilegt mat, óháð efnahagsstöðu, er lagt á háttsemi. Þá er enn fremur nokkuð aukin þörf á því fyrir dómstóla að ganga úr skugga eftir füngum um fjárhagslega stöðu manna. Gallinn þykir hins vegar sá, að þetta kerfi er nokkuð flókið, og það byggir á forsendu, sem ekki er ávallt fyrir hendi, þ. e. að við njóti traustra upplýsinga um fjárhagslega stöðu manna. Í Danmörku hefir þetta kerfi verið reynt í sambandi við fésektir samkvæmt almennum hegningarlögum. Hefur reynslan ekki verið góð af því. Í Noregi hefir þetta kerfi eigi verið lögfest. Að svo komnu er eigi lagt til, að kerfi þetta verði tekið upp hér á landi, enda er, ef að líkum lætur, erfiðara um vik að fá öruggar upplýsingar um efnahagsstöðu manna hér en víða erlendis, og þess er að geta að mikilla sveiflna gætir í tekjum manna hér á landi vegna eðlis atvinnuvega og landshaga. Í greininni er eigi fólgin nein veruleg efnisleg breyting, en breytt orðalag þykir þó skýrara en nú er.

Um 7. gr.

Hið breytta orðalag á 53. gr. alm. hegningarlaga, sem hér er lagt til, að lögfest verði, er til samræmis við dómvenjur, en Hæstiréttur hefur í dómum sínum dæmt, að vararefsing við sekt verði eigi ákveðin, þegar dómfelldi er dæmdur fyrir háttsemi, sem honum er ósáknæm.

Um 8. og 9. gr.

Á síðustu árum hefir þeirri skoðun vaxið fylgi á Norðurlöndum og víðar, að heimila eigi að beita fleiri en einni refsitengund við broti, a. m. k. þegar sérstaklega standi á, þar á meðal eigi að heimila að dæma tiltekna refsingu skilorðsbundna, en jafnframt megi dæma aðra refsitengund í sama dómi óskilorðsbundna. Einnig hefir þeirri skoðun unnist fylgi að heimila eigi að beita tiltekinni refsitengund við broti, t. d. fangelsisrefsingu og dæma svo, að tiltekinn hluti hennar sé óskilorðsbundinn, en aðrir hlutar (eftirstöðvar) skilorðsbundnir, t. d. að dæma 3 mánuði óskilorðsbundna, en 9 mánuði skilorðsbundna. Með því t. d. að beita skilorðsbundinni fangelsisrefsingu og óskilorðsbundinni fésekt, sbr. raunar nú 4. málgr. 57. gr. alm. hegningarlaga, vinnst það, að dómfelldi er látinn í fyrstu atrennu sleppa við refsivist, en fésektin ætti þá að skapa aukin varnaðaráhrif og árétta, að alvarlega sé litið á brot viðkomandi.

Í 8. gr. frumvarpsins er gert ráð fyrir, að 4. málgr. 57. gr., sem fyrr var getið, sé afdnum, enda er þessu máli skipað í heild sinni með 9. gr. frumvarpsins. Í þeirri grein eru heimiluð eftirfarandi úrræði:

- a) Lagt er til, að hluti refsivistar, t. d. fangelsisrefsingar, verði óskilorðsbundinn, en annar hluti skilorðsbundinn, sbr. dæmið hér að framan. Er þó eigi heimilt að dæma lengri refsivist óskilorðsbundna en 3 mánuði, þegar svona hagar til.
- b) Lagt er til, að heimilt verði að dæma óskilorðsbundna varðhaldsrefsingu, þótt varðhald liggja ekki við broti, þegar svo stendur á, sem greinir í a).
- c) Í greininni felst, að heimilt sé að dæma óskilorðsbundna varðhaldsrefsingu, en skilorðsbundna fangelsisrefsingu, og er þetta greint nánast til öryggis og fyllingar.

d) Þá er lagt til, að heimilað verði að dæma fésekt óskilorðsbundna í tengslum við skilorðsdóm, þótt fésekt liggji ekki við broti, sem dæmt er út af. Því fremur er heimilt að dæma slíka fésekt, þegar fésekt er meðal viðurlaga í refsíákvæði, sem háttsemi varðar við. Sú breyting, er hér frá því, sem nú er í 4. málsg. 57. gr., að dæma má fésekt, þótt hún sé eigi greind meðal viðurlaga í refsíákvæði, sem við á, en þessu er öðru vísi farið í 57. gr. Þykir eigi varhugavert að hafa slíkt almennt ákvæði í hegningarlögum.

Með greininni er að því stefnt að fjölga úrræðum dómara, er hann ræður máli til lykta, viðurlagakerfið verður fjölþættara, ef greinin verður lögfest, og er það mjög í samræmi við stefnur í nútíma refsipólitík. Tekið skal fram, að ætla má, að skilorðsdómum eða skilorðsbundnum þáttum refsidóma fjölgi við þessa breytingu, sem gerir það að verkum að unnt er að tengja saman, frekar en nú er, skilorðsdóma og óskilorðsbundna þætti refsidóma. Sumir slíkir dómar verða nú vafalaust óskilorðsbundnir til hlítar í lagaframkvæmdinni.

Um 10. gr.

Hér er lagt til, að fána Sameinuðu þjóðanna og fána Evrópuráðs verði veitt hliðstæð refsivernd sem fána erlends ríkis. Virðist réttmætt að lögfesta refsímæli, er að þessu lýtur.

Um 11. gr.

Refsímörk samkvæmt 1. málsg. 106. gr. alm. hegningarlaga eru varðhald eða fangelsi allt að 6 árum. Hins vegar eru refsiviðurlög samkvæmt 2. málsg. sektir, varðhald eða fangelsi allt að 2 árum. Ljóst er, að verknaður samkvæmt 1. málsg. er að jafnaði alvarlegri en háttsemi, sem lýst er í 2. málsg. Athuga ber þó, að ýmis og næsta sundurleit tilvik rúmast innan 1. málsg. Þykir því rétt að heimila að beita sektum, þótt atferli manns eigi undir 1. málsg., ef brot er smáfellt. Er það efni þessarar greinar að leggja til, að slík heimild verði lögfest.

Um 12. gr.

Í þessari grein er lagt til a) að refsímörk við röngum framburði fyrir dómi varði fangelsi allt að 4 árum, enda verði afnumið ákvæði 2. málsg. 142. gr., er fjallar um refsiviðurlög, ef skýrsla er heitfest (með eiði eða drengskaparheiti) og b) að afnumið verði það ákvæði 1. málsg., er segir, að lágmarksrefsing fyrir rangan framburð sé 3 mánaða fangelsi.

Lágmarksrefsing sú, sem greinir í 1. málsg. 142. gr., er óheppileg, svo sem reynslan hefir sýnt, enda getur sá verknaður, sem hér er um að ræða verið misjafnlega vítaverður og aðdragandi mismunandi. Er heppilegra að mæla eingöngu fyrir um hámarksrefsingu, svo sem lagt er til í frumvarpsgreininni, en að leggja óheft á vald dómstóla að meta lágmark, sbr. þó 34. gr. hegningarlaga. Eru slík ákvæði um lágmarksrefsingu raunar fátíð í alm. hegningarlögum. Lagt er til, að ákvæði 148. gr. almennra hegningarlaga, sem einnig miðar við lágmarksrefsingu og visar til 142. gr., verði breytt til samræmis við þessa frumvarpsgrein, sbr. 15. gr. frumvarpsins.

Þá er lagt til, að farin verði sama leið og í norrænum lögum og afnumin sérviðurlög við heitfestri skýrslu. Þó er lagt til í niðurlagi frumvarpsgreinarinnar, að það skuli metið refsingu til þyngingar, ef röng skýrsla er heitfest. Eru refsímörk svo rúm í 1. málsg. (fangelsi allt að 4 árum), að eigi þykir vera þörf á sérákvæði um heitfesta skýrslu.

Um 13. gr.

Sú breyting ein felst í þessari grein, að orðin „og hafi eiður ekki verið unninn“ eru felld niður úr greininni. Er þetta til samræmis við stefnuna, sem stofnað er til,

að mörkuð verði með 12. gr. frumvarpsins, og virðist ekki ástæða til að slá við þann varnagla, sem í tilvitnuðum orðum felst.

Um 14. gr.

Lagt er til í frumvarpsgreininni, að orðin „og boðist til að vinna eið að henni eða gefið hana“ í 145. gr. verði felld niður og er það eina breytingin á 145. gr., er felst í henni. Stendur breytingin í sambandi við stefnu þá, sem lagt er til að mörkuð verði með 12. gr. frumvarpsins, og tekur greinin, svo breytt, til flestra hinna raunhæfu tilvika, sem að höndum geta borið í þessu efni.

Um 15. gr.

Þessi breyting stendur í rökrænum tengslum við breytingu þá, sem felst í 12. gr. frumvarpsins, en þar er lagt til, að lágmarksrefsing sú, er greinir í 142. gr. 1. málsg. hegningarlaganna, verði felld niður.

Fylgiskjal.

Árni Vilhjálmsson, nóv. 1975.

Um fésektir

Að beiðni dr. Ármanns Snævarrs, hæstaréttardómara, leyfi ég mér að láta uppi eftirfarandi álit.

Til þess að fundin verði sú fjárhæð, sem á tilteknum tímamörkum veiti hinn sama kaupmátt og tiltekin fjárhæð á fyrri tímamörkum, þarf tvennt að vera þekkt: 1) það gæðasafn eða -heild, sem kaupin beinast að, og 2) verðbreyting á þessu gæðasafni milli umræddra tímamarka. Sérhver verðvísitala kveður á um verðbreytingu tiltekins gæðasafns. Hér á landi er aðeins um að ræða eina viðtæka verðvísitölu, sem reiknuð hefur verið út af opinberum aðila, Hagstofu Íslands, og sem nær aftur fyrir árið 1939. Sú vísitala er vísitala framfærslukostnaðar. Vísitala framfærslukostnaðar hefur að geyma sérstakan húsnæðislið og á vissum tímasteiðum hefur í vísitölunni verið tekið tillit til beinna skatta og fjölskyldubóta. Þar sem húsnæðisliðurinn hefur ekki ávallt þótt endurspegla raunverulega þróun húsaleigu eða húsnæðiskostnaðar og þar sem tekjuskattar, fjölskyldubætur og því hliðstætt eiga ekki erindi í vísitölu, sem skal mæla verðbreytingar, hefur vísitala framfærslukostnaðar verið birt sundurgreind í hluta. Aðalhlutinn gefur vísitölu vöru og þjónustu, sem er vísitala framfærslukostnaðar að slepptum húsnæðislið, beinum sköttum og fjölskyldubótum.

Vísitala vöru og þjónustu er í rauninni eina vísitalan, sem hér er í boði til að umrita fésektir í krónur með fast verðgildi. Vísitalan hefur þróast sem hér segir (með grunntölu júlí 1914 = 100 stig):

Ársmeðaltal 1939	219 stig ¹⁾
— 1972	9 983 — ¹⁾
— 1973	12 336 — ²⁾
— 1974	17 537 — ²⁾
Byrjun nóv. 1975	29 426 — ²⁾
Ársmeðaltal 1975	26 100 — áætlað ²⁾

Heimildir: 1) Hagtíðindí, nóv. 1973, bls. 195.

2) Viðtal við Hrólfi Ástvaldsson, viðskiptafræðing. Hagstofa Íslands (tölur bíða birtingar).

Sankvæmt ofangreindum tölugildum vísitölnnar, ætti kaupmáttarjafngildi 30 000 kr. sektar árið 1939 að vera sem hér segir (hundruðum sleppt):

Árið 1974	2 402 þús. kr.
— 1975	3 575 — —
Byrjun nóv. 1975	4 031 — —

Á grundvelli ofangreindrar rökfærslu ætti vísitala vöru og þjónustu að vera hæf sem „sektarvísitala“. Útreikningur sektar í framtíðinni yrði þá fölginn í því að margfalda ákveðna grunnfjárhæð sektar, t. d. 4 031 þús. kr. miðaða við byrjun nóv. 1975 með hlutfallinu milli annars vegar gildis vísitölnnar á ákveðnum tímamörkum í framtíð og hins vegar gildis vísitölnnar á þeim tímamörkum, sem grunnfjárhæðin er miðuð við. Vísitala verðs vöru og þjónustu er reiknuð út á þriggja mánaða fresti. — Ef ársmeðaltal skyldi notað sem grunntala sektar, yrði útreikningur sem hér segir. Grunntala sektar skyldi margfölduð með hlutfallinu milli meðalvísitölu framtíðarárs og meðalvísitölugildi grunntöluársins. Hagstofan getur fljótlega eftir lok árs (ca. 1. febrúar) veitt upplýsingar um endanlegt meðalgildi vísitölnnar á nýliðnu ári.

Árni Vilhjálmsson.

Viðauki:

Vegna ákvæðis 1. gr. laga nr. 14/1948 þykir rétt að bæta við eftirfarandi athugasemdum:

Kaupgreiðsluvísitala, sem svo hefur verið nefnd, er vísitala, sem sagt hefur til um, hve miklu skyldi bæta ofan á grunnlaun til þess að fengin verði sú krónutala launa, sem greiða skuli. Sú vísitala er alls kostar ótæk sem sektarvísitala, ef marka má fengna reynslu, fyrir þær sakir, að 1) kaupgreiðsluvísitala er ýmist aðlöguð almennum verðbreytingum (að fullu eða að hluta) eða alls ekki, og 2) að laun breytast bæði með breytingum grunnkaups og breytingum kaupgreiðsluvísitölu.

Fyrir tiltekinn hóp launþega er hægt að reikna út einhvers konar launavísitölu, t. d. vísitölu tímakaups, vísitölu dagvinnulauna eða heildarvinnulauna. Þegar yfir lengri tíma er litið, hafa laun yfirleitt hækkað meira en numið hefur hækkan almenns verðlags (eins og það er mælt með t. d. vísitölu verðs vöru og þjónustu), vegna þeirrar framleiðniáukningar, sem verið hefur eitt megineinkenni hagþróunar. Sekt, sem helst óbreytt að kaupmætti, ætti því með tímanum að verða smám saman léttbærari. Ef hins vegar að því skyldi stefnt, að fésekt samsvaraði launum fyrir ákveðið tímabil, væri því sú sektarvísitala, sem eftir er sóst, einhvers konar launavísitala. Að því er ég best veit, er hins vegar engin hæf vísitala í boði. Sú eina vísitala af þessu taki, sem Hagstofa Íslands gefur út reglulega, er um tímalaun hafnarverkamanna í Reykjavík. Aðrar stofnanir (sér í lagi Kjararannsóknarnefnd) munu að vísu taka saman viðtækar upplýsingar um launaþróun, en ég fæ ekki séð, að þar sé á ferðinni efni í vísitölu, sem tæk sé í það hlutverk, sem hér er um að ræða.

Árni Vilhjálmsson.